
Breyting á Fossárvirkjun, Ísafjarðarbæ Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar breyting á Fossárvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012, leyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkubú Vestfjarða og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til **28. júlí 2014**.

Skipulagsstofnun

25. júní 2014

INNGANGUR

Pann 8. apríl 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Teiknistofunni Eik, f.h. Orkubús Vestfjarða, um fyrirhugaðar breytingar samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 og lið 13 a í 2. viðauka við lög.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 27. maí 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 9. maí 2014, Minjastofnun Íslands með bréfum dags. 6. maí og 5. júní 2014, Orkustofnun með bréfi dags. 2. maí 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. apríl 2014 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 9. maí 2014. Frekari upplýsingar bárust frá Orkubúi Vestfjarða með tölvupósti Teiknistofunnar Eikar dags. 5. júní 2014.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur að endurnýjun Fossárvirkjunar felist í byggingu nýs stöðvarhúss, neðar í dalnum en núverandi stöðvarhús, auk endurnýjunar vélakosts og lagningu nýrrar þrýstivatnspípu. Virkjað rennsli fari úr 280 l/s í 450 l/s og fallhæðin úr 308 m í 314 metra hæð. Með þessu muni rekstraröryggi virkjunarinnar aukast og heildarafl úr 597 kW í 1200 kW og þar með minnki líkur á því að keyra þurfi díselvélar ef línur í meginflutningskerfi Landsnets til Vestfjarða og Ísafjarðar bili.

Fram kemur að nýja stöðvarhúsið verði staðsett við Langá í Engidal, um 280 metrum neðar (norðar) en núverandi stöðvarhús. Engar breytingar verði gerðar á fyrirliggjandi byggingum og gamla Fossavatnsvélin í núverandi stöðvarhúsi verði notuð sem varavél ef á þurfi að halda.

Fram kemur að lögð verði ný, niðurgrafin, þrýstivatnspípa frá Fossavatni niður að Langá í Engidal, alls um 1900 metra leið. Efstu 1000 metrar pípunnar munu liggja í núverandi pípustæði, þá taki við um 500 metra svæði þar sem pípan muni liggja samsíða eða nálægt vegslóðanum upp að Fossavatni, en neðst fari hún um nýtt svæði á um 400 metra kafla. Á þeim kafla verði lagður nýr vegslóði að þrýstivatnspípunni frá núverandi vegslóða, um 300 m langur. Núverandi þrýstivatnspípa verði ekki fjarlægð í þessari framkvæmd. Fram kemur að lagður verði nýr háspennustrengur í jörðu frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi og að Engidalslínu við núverandi stöðvarhús. Framkvæmdarsvæðið við þrýstivatnspípuna verði um 8 m breitt og þar af verði um 3,5 m belti fyrir uppmokstur.

Áhrif á landslag. Fram kemur að í næsta nágrenni við jörðina Fossa setji landbúnaður og Fossárvirkjun, einkum byggingarnar, mestan svip á búsetulandslagið. Vegurinn inn Engidal, að Fossum og vegslóðinn upp að Fossavatni séu einnig einkennandi í landslaginu. Efsti hluti þrýstivatnspípunnar verði á sama stæði og núverandi pípa en því næst liggja hún á kafla nálægt vegslóðanum að Fossavatni. Mesta raskið verði á neðsta hluta pípunnar í brattri hlíðinni en þar sem hún muni liggja þvert á hlíðina verði pípan ekki mjög sýnileg frá utanverðum Engidal og Ísafirði. Á framkvæmdartíma megi gera ráð fyrir talsverðu raski við pípustæðið, en búast megi við að gróður verði fljótur að ná sér á strik á ný, þar sem vísbendingar séu um að jarðvegur á svæðinu sé frjósamur og nægur fræbanki til staðar. Heildaráhrif á landslag í dalnum eru talin verða óveruleg.

Áhrif á gróður. Fram kemur að stöðvarhúsið og háspennustrengurinn muni verða á þegar röskuðu svæði. Þar sem þrýstivatnspípan verði á nýju svæði muni hún að stórum hluta liggja nálægt núverandi þrýstivatnspípu og núverandi vegslóða og fara um mosaholt, lyng, lyngmóa, mýrar og graslendi. Búast megi við að mesta raskið verði á neðsta hluta lagnarinnar, þar sem landið er brattast og aðgengi til framkvæmda erfitt. Við uppgröft verði svarflagið lagt til hliðar og síðar notað við frágang á yfirborði þegar fyllt hafi verið í skurðinn og góður möguleiki sé á því að gróðurinn nái upprunalegu ástandi á fáum árum. Einnig verði séð til þess að ummerki eftir vinnuvélar meðfram skurði verði jöfnuð.

Áhrif á vatnafar og fiska. Fram kemur að þrýstivatnspípan muni þvera Fossá á þeim stað sem núverandi pípa sé. Helstu áhrif á vatnafar verði rennisskerðing í Langá frá núverandi stöðvarhúsi og að nýju stöðvarhúsi. Neðan ármóta Langaár og Fossár verði engar breytingar á vatnafari og sama

vatnsmagn muni renna til sjávar og áður. Fram kemur að Veiðimálastofnun telji breytingar í rennsli Langár milli stöðvarhúsanna muni að jafnaði ekki valda verulegum neikvæðum áhrifum á lífríki árinna á þeim kafla, en huga ætti að því í framtíðinni að rekstur virkjunarinnar valdi ekki vatnsborðssveiflum í ánni umfram það sem nauðsynlegt sé. Fram kemur að Orkubú Vestfjarða mun haga vöktun í samræmi við niðurstöður Veiðimálastofnunar.

Áhrif á fugla. Fram kemur að þúfuttlingur, steindepill og snjótittlingur séu líklega algengir við klapparholt og í fjallshlíðum við Fossavatn en í minna mæli þar sem núverandi þrýstipípa liggir. Þar sé straumönd, sem sé á valista, sem gæti orpið hvar sem er upp með Langá og við Fossavatn. Líklegt sé að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa lítil sem engin áhrif á varpfugla á svæðinu.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að samkvæmt fornleifaskráningu séu engar minjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Samkvæmt álit Náttúrustofu Vestfjarða sé ólíklegt að ný lega þrýstivatnspípu og stöðvarhúss og slóðagerð vegna framkvæmdanna muni hafa áhrif á fornleifar á svæðinu. Þekktar fornleifar verði merktar meðan á framkvæmdum standi og áhersla lögð á að beina framkvæmdum frá fornleifunum.

Náttúruvá. Fram kemur að staðsetning stöðvarhúss verði ásættanleg með tilliti til hættu á ofanflóðum samkvæmt bráðabirgðaálit Veðurstofu Íslands.

Áhrif á landnotkun og samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að Fossavatn og sjálft stöðvarhúsið ásamt nánasta nágrenni þess sé skilgreint iðnaðarsvæði (i14, samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2024). Láglandi Engidals sé landbúnaðarsvæði samkvæmt skipulaginu en ofar (ofan u.þ.b. 30 m hæðar) sé gert ráð fyrir óbyggðu svæði. Samkvæmt ákvæðum aðalskipulagsins er gert ráð fyrir endurbótum og endurnýjun mannvirkja Fossárvirkjunar í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins. Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa bein áhrif á landbúnað í botni Engidals og hún muni ekki hefta aðgengi að göngu- og reiðleiðum nema á meðan framkvæmd standi og uppgræðsla framkvæmdasvæðis fari fram.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að endurnýja búnað og mannvirki Fossárvirkjunar og auka rekstraröryggi virkjunarinnar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á menningarminjar. Minjastofnun Íslands bendir á að á fyrri stigum málsins hafi fornleifar verið skráðar með hliðsjón af útfærslu framkvæmdarinnar á þeim tíma og hafi ekki náð til þess svæðis sem stöðvarhúsi sé nú ætlað að standa né þar sem gera eigi vegslóð frá háspennulínu og að þrýstipípu. Því telji stofnunin að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar svo hægt sé að meta hvor framkvæmdirnar muni hafa áhrif á minjar á svæðinu.

Í svari Orkubús Vestfjarða kemur fram að samkvæmt nýrri skráningu Náttúrustofu Vestfjarða verði engar minjar í hættu vegna framkvæmdanna.

Í frekari umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að þar sem leggja eigi vegslóða um neðsta hluta þrýstipunnar verði framkvæmdin á eða mjög nærri rúst sem þar sé (ÍS-150:020). Leggur stofnunin til að slóðinn verði lagður í öruggri fjarlægð frá ystu sýnilegum mörkum rústarinnar og að hún verði vel merkt, t.d. með girðingu, meðan á framkvæmdum standi. Verði ekki hjá því komist að raska rústinni þurfi að sækja um leyfi til þess til Minjastofnunar Íslands.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurnýjun Fossárvirkjunar sem felst í byggingu nýs stöðvarhúss neðar í dalnum en núverandi stöðvarhús, auk endurnýjunar vélakosts og lagningu nýrrar þrýstivatnspípu og jarðstrengs frá nýju stöðvarhúsi að Engidalslínu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, dags. 30. janúar 2013, var fjallað um nýja niðurgrafna þrýstipípu alla leið frá Fossvatni og að stöðvarhúsi, sem þá var áætlað að reisa um 600 m neðar (norðar) í dalnum en núverandi stöðvarhús er staðsett og jarðstreng frá nýju stöðvarhúsi að Engidalslínu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í þessari ákvörðun er fjallað um breytingu á ofangreindri áætlun, sem felur í sér að efsti hluti niðurgrafinnar þrýstipípu verður lagður þar sem núverandi pípa liggur á um helmingi leiðarinnar en neðar samsíða vegslóða sem liggur upp að Fossvatni og í bröttu landi ofan við stöðvarhúsið, sem verður staðsett sunnar og nær núverandi stöðvarhúsi en áður var gert ráð fyrir. Einnig verða lagðir vegslóðar að neðri hluta pípunnar frá línuvegi Engidalslínu og vegslóðanum að Fossvatni. Þá verður jarðstrengur frá stöðvarhúsi að Engidalslínu styttri en áður var gert ráð fyrir.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði helst á gróður og landslag. Áhrifin verði einkum á framkvæmdatíma en ekki varanleg því nota á svarðlag við frágang á yfirborði þegar fyllt hefur verið í skurðinn að framkvæmdum loknum. Skipulagsstofnun telur því að ummerki eftir framkvæmdina verði lítil þegar frá líður og áhrif á gróður og landslag verði óveruleg, með tilliti til þess að umfang og viðkvæmni framkvæmdasvæðisins er lítil og áhrifin að mestu afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarmínjar verði óveruleg en tekur undir álit Minjastofnunar Íslands um að vegslóði að neðsta hluta þrýstipípunnar verði lagður í öruggri fjarlægð frá rúst við lóð Fossárvirkjunar (ÍS-150:020) og hún verði vel merkt meðan á framkvæmdum standi. Ennfremur er minnt á ákvæði 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarmínjar.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á dýralíf svæðisins verði óveruleg. Fyrir liggur álit Veiðimálastofnunar um að breyting á virkjuninni sé ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á lífríki Langár og Fossár. Skipulagsstofnun tekur undir álit Veiðimálastofnunar um að huga eigi að því að koma í veg fyrir að rekstur virkjunarinnar valdi vatnsborðssveiflum í ánni umfram það sem nauðsynlegt sé.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á landnotkun verði óveruleg þar sem framkvæmdin hindri ekki landbúnað og útivist. Þá liggur fyrir að staðsetning stöðvarhússins var unnin í samráði við Veðurstofu Íslands, með hliðsjón af mögulegri náttúruvá.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkubús Vestfjarða við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkubús Vestfjarða vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á Fossárvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012, leyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkubú Vestfjarða og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júlí 2014.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson



Skipulagsstofnun